



Jón Gunnar Jónsson  
Bankasýsla ríkisins  
Borgartún 3  
105 Reykjavík

Dagsetning **17. maí 2024**  
Málsnúmer FJR24050092

## Upplýsingar um kostnað vegna sölumeðferðar eignarhluta ríkisins með tilboðsfyrirkomulagi í Íslandsbanka auk upplýsinga um kaup á annarri ráðgjöf.

Samkvæmt 13. gr. laga um Stjórnarráð Ísland skal ráðherra hafa eftirlit með fjárreiðum stjórnvalda sem undir hann heyra. Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskar hér með eftir eftirfarandi upplýsingum frá Bankasýslu ríkisins.

Í minnisblaðið Bankasýslu ríkisins dag. 26. apríl 2022 til fjárlaganefndar kemur fram að heildarkostnaður vegna sölumeðferðar eignarhluta með tilboðsfyrirkomulaginu í Íslandsbanka myndi liggja á bilinu frá 439, 5 m.kr til 702,7 m.kr. og þar á meðal væri valkvæð greiðsla sem geti að hámarki numið 0,5% af söluandvirði hlutanna. Ráðuneytið óskar eftir upplýsingum um hver hafi verið heildarkostnaður við sölumeðferðina auk sundurliðunar eftir helstu kostnaðarþáttum og móttakendum kostnaðargreiðslna.

Jafnframt óskar ráðuneytið eftir sundurliðuðum upplýsingum um alla aðkeypta þjónustu hjá Bankasýslu ríkisins á tímabilinu 1. maí 2022 til 31. desember 2023.

Ráðuneytið óskar eftir að framangreindar upplýsingar verði sendar til ráðuneytisins eigi síðar en **24. maí nk.**

F.h. ráðherra

Guðrún Ögmundsdóttir

Þórdís Steinsdóttir